Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 4. maí 1891 (A nr. 5, bls. 12—13)

Auglýsing um að auglýsingar frá stjórnarráði Íslands 2. júlí 1890 og 17. apríl 1891 skuli að nokkru leyti úr gildi felldar, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 1. júní 1891 (A nr. 6, bls. 14—15).

Ágrip af brjefi landshöfðingja *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* um hlunnindi til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi með venjulegum skilyrðum sparisjóði Húnvetninga, er stofnaður hefur verið í kauptúninu Blönduósi í febrúarmán. síðastl. hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. maí þ. á. til 1. maí 1896. 65 8. maí.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1893. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefur hans hátign konunginum hinn 2. þ. m. þóknazt allranáðugast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1893 skuli ákveðin 2000 kr. 66 15. maí.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tjá yður hjermeð þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu*, um greiðslu á ljóstolli, samkvæmt lögum 22. maí 1890. — Út af þeirri fyrirspurn, er þjer, herra sýslumaður, hafið beint til mín í þóknanlegu brjefi, dags. 23. marzm. þ. á., »hvort það sje meining laga 22. maí 1890 um innheimtu á kirknafje, að eigi megi framvegis borga ljóstoll á sama hátt, nfl. með tólg, og í sama gjalddaga og hingað til hefur átt sjer stað, eða hvort ljóstollinn beri að borga á sama hátt og hin önnur gjöld til kirkjunnar og á gjalddaga 31. desbrmán.«, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi fyrirspyrjanda, að það er álit mitt, að engin heimild sje til að undanskilja ljóstoll undan almennum fyrirmælum nefndra laga 22. maí 1890 í 2. gr., sbr. 7. gr. um greiðslu á kirkjugjöldum, en að öðru leyti er það vitaskuld, að það ber undir dómstólana að skera úr ágreiningi út af rjettum skilningi laganna. 67 26. maí.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* um skipting á Kleifahreppi í tvö hreppsfjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 1. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi, þar sem hún nú — sbr. brjef mitt 22. septbr. 1887 — fer þess á leit, að hreppi þessum verði skipt í tvö hreppsfjelög. Þar eð bæði sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu í heild sinni og sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu sjerstaklega hafa mælt eindregið fram með, að jeg samþykki hina umbeðnu hreppaskipting eins og hreppsnefndin hefur stungið upp á henni, 68 29. maí.

1. dag júlímán. 1891.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1891